

## Fundargerð 150. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 17. maí 2024

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 10:00.

**Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru:** Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson, Sæunn Stefánsdóttir, Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir og Þórdís Mjöll Benediksdóttir. Lárus Heiðarsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

**Mætt frá Austurbrú:** Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri, Valdís Vaka Kristjánsdóttir (í lið 7) og Jón Knútur Ásmundsson (fundarritari).

**Gestir:** Magnús Jónsson og Ingimar Guðmundsson frá KPMG.

**Boðuð forföll:** Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Jóhann F. Þórhallsson.

### Dagskrá

- Fundargerð stjórnarfundar [nr. 149](#)** til kynningar
- Helstu verkefni Austurbrúar - skýrsla framkvæmdastjóra**
  - Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Austurbrúar síðustu vikur og sagði stjórn m.a. frá vinnustofunni „Saga til næsta bæjar“, úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamanna, hagsmunaaðilafundi Austurbrúar, Erasmusferð til Noregs, starfsmannadegi, málþingið „Saman gegn sóun“ á vegum UST, stefnumótið „Hoppsa Bomm - stefnumót um skíðasvæðin á Austurlandi“ o.fl. Umræður um verkefnin og framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurnum.
- Ný stefna Austurbrúar** til kynningar
  - Framkvæmdastjóri kynnti nýja stefnu Austurbrúar og fór yfir vinnulag við gerð hennar. Stjórn samþykkti stefnuna samhljóða.
- Ársfundur, málþing og stjórnarfundir**
  - Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulag ársfundar og skipulag. Fundurinn verður á Breiðdalsvík, 23. maí, og í beinu framhaldi verður haldið málþingið „Öflugra Austurland“. Auk þess var kynnt undir þessum lið fundadagskrá stjórnar fram að haustþingi.
- Erindi frá Sköpunarmiðstöð Austurlands á Stöðvarfirði**
  - Ósk frá framkvæmdastjóra Sköpunarmiðstöðvarinnar um að Austurbrú skipi fulltrúa í stjórn sjálfseignastofnunar sem til stendur að stofna utan um reksturinn. Framkvæmdastjóra Austurbrúar falið að vinna málið áfram á milli funda.
- Breyting á gjaldskrá Austurbrúar**
  - Framkvæmdastjóri kynnti breytingu á gjaldskrá fyrir samstarfssamninga. Stjórn samþykkir breytinguna samhljóða.

## 7. Kynning og samþykkt á ársreikningi Austurbrúar og SSA

- Magnús Jónsson og Ingimar Guðmundsson frá KPMG kynntu endurskoðunarskýrslu Austurbrúar og ársreikning sem var í beinu framhaldi lagður fram til umræðu og afgreiðslu stjórnar. Stjórn samþykkti ársreikninginn samhljóða og staðfesti það með rafrænni undirritun.

## 8. Kjör endurskoðanda

- Stjórn leggur til við ársfund Austurbrúar að KPMG verði kjörinn endurskoðandi Austurbrúar fyrir árið 2024.

Fleiri mál voru ekki rædd. Fundi slitið kl. 11:15.

# Undirritunarsíða

Ragnar Sigurðsson

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Helgi Hlynur Ásgrímsson

Sæunn Stefánsdóttir

Þórdís Mjöll Benediksdóttir

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir